



**140. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar
þriðjudaginn, 8. nóvember, 2005, kl. 17:30.**

**Formaður bæjarráðs, Ágúst Þór Bragason, setti fund og stjórnaði honum.
Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.**

Dagskrá:

1. Vinnufundur fjárhagsáætlunar 2006.
2. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Vinnufundur fjárhagsáætlunar 2006.

Rammar 2006. Bæjarstjóri lagði fram drög að römmum deilda í aðalsjóði.

Grunnskóli, íþróttahús, sundlaug, félagsmiðstöð og skóladagheimili.

Mætt eru skólastjórnendur Grunnskólans á Blönduósi, Helgi Arnarsson, skólastjóri og Þórhalla Guðbjartsdóttir, aðstoðarskólastjóri til viðræðna um fjárhagsáætlun 2006. Rætt um einstaka liði og lögðu skólastjórnendur fram minnisblað vegna forgangsverkefna og viðhald húsa. Skólastjórnendur viku af fundi að loknum þessum lið.

Leikskóli.

Leikskólastjóri, Jóhanna G. Jónasdóttir kynnti fjárhagsáætlun vegna vistunar 6 – 16 mánaða barna. Um er að ræða áætlun sem hljóðar uppá tæpar 3 mkr. og er þá gert ráð fyrir að vistun fyrir þennan aldurshóp verði að Húnabraut 6 til bráðabirgða.

Jafnframt var lögð fram frumáætlun um kostnað vegna viðbyggingar við Leikskólann Barnabæ uppá 39 mkr miðað við 120 m².

Bæjarráð samþykkir að gert verði ráð fyrir 5 mkr. framlagi á fjárlagaárinu 2006 vegna forvinnu og undirbúnings til hönnunar á viðbyggingu við leikskólann.

Aðrar deildir

Rætt um einstaka ramma, gjaldskrár og þjónustusamninga.

2. Önnur mál.

Fundur vegna nýskipan lögreglumála. Bæjarstjóri greindi fundarmönnum frá fundi sem hún sat ásamt forseta bæjarstjórnar fyrr í dag og varðaði fyrirhugaðar breytingar á skipan löggæsluumdæma á landsvísu og verkefna þeirra.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:00.

Ágúst Þór Bragason (sign.)
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)
Þórdís Hjálmarsdóttir (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)